

Börn sem aðstandendur - verkferill Andlát foreldris



Heilsugæslan upplýst um andlát

Við andlát foreldris ber sá heilbrigðisstarfsmaður sem gefur út dánarvottorð ábyrgð á að láta heilsugæsluna í hverfi lögheimilis barnsins vita ef til staðar eru eftirlifandi börn undir 18 ára aldri



Barn fær viðtal

Tilkynning berist til svæðisstjóra viðkomandi stöðvar sem sér til þess að barni/forsjáraðila verði boðið viðtal við heilbrigðisstarfsmann, svo sem starfsmann sem hefur þjálfun sem tengiliður.



Stuðningur við barn

Heilbrigðisstarfsmaður ræðir við forsjáraðila og barn og kannar þörf fyrir stuðning vegna andláts foreldris. Telji heilbrigðisstarfsmaður að barnið þurfi frekari þjónustu skal hann virkja tengilið.



Stuðningur við forsjáraðila

Þegar um er að ræða andlát foreldris ber heilsugæslunni að bjóða eftirlifandi foreldri /forsjáraðila barns reglubundin viðtol við heilbrigðisstarfsmann. Markmið þeirra viðtala er aðstoð við að styðja barnið og treysta velferð þess



Stuðningur í skóla

Heilbrigðisstarfsmaður skal hafa samband við skóla barnsins í samráði við forsjáraðila til að tryggja stuðning og eftirfylgd við barnið - þetta á við hvort sem barn er í leik- grunn- eða framhaldsskóla.



Réttur barns

Veita skal upplýsingar um [lagalegan rétt barns til umgengni](#) við nána vandamenn þess foreldris sem er látið